

## M-23/2011. Álit 4. ágúst 2011

### Álit kæruneftndar lausafjár- og þjónustukaupa

Hinn 4. ágúst 2011 gaf kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa svohljóðandi álit í málinu nr. M-23/2011.

#### I

##### Álitaefni og kröfugerð

Hinn 3. mars sl. bað X, hér eftir nefndur álitsbeiðandi, um álit kæruneftndar lausafjár- og þjónustukaupa vegna kaupa á notuðum bíl af Y, hér eftir nefndur seljandi. Álitsbeiðandi segir bílinn gallaðan og vill rifta kaupunum sökum lögræðisskorts.

#### II

##### Niðurstaða kæruneftndarinnar.

Kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa starfar samkvæmt ákvæðum laga nr. 87/2006 um breytingu á lögum um lausafjárkaup, lögum um þjónustukaup og lögum um neytendakaup og reglugerðar nr. 766/2006 um kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa. Í lögum nr. 87/2006 segir að aðilar sem greinir á um réttindi sín samkvæmt lögum um lausafjárkaup nr. 50/2000, lögum um þjónustukaup nr. 42/2000 og lögum um neytendakaup nr. 48/2003 geti beðið kæruneftndina um álit á ágreiningnum. Þá segir í 2. gr reglugerðar nr. 766/2006 um kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa að aðilar að lausafjárkaupum geta óskað eftir áliti nefndarinnar á ágreiningi um réttindi og skyldur samkvæmt lögum nr. 50/2000 um lausafjárkaup.

Þó kaupsamningur á bifreið milli tveggja einstaklinga falli vissulega undir lög nr. 50/2000 um lausafjárkaup verður ekki séð að málsástæður og röksemdir álitsbeiðanda varðandi hugsanlegan lögræðisskort sé innan valdsviðs nefndarinnar. Nefndin gefur einungis álit á þeim réttindum og skyldum sem aðilar leiða af lausafjár-, þjónustu-, eða neytendakaupalögum. Þessi lög taka á engan hátt á hugsanlegum gerhæfis- eða lögræðisskorti málsaðila kaupsamnings, eða eftir atvikum hvort kaupsamningur hafi yfir höfuð stofnast eða hvort hann sé gildur. Lögin kveða einungis á um réttindi og skyldur aðila eftir að samningur er kominn á. Af þessum ástæðum telur kæruneftndin sér ekki heimilt að gefa álit í máli þar sem byggt er á lögræðisskorti. Með vísan í 1. mgr. 7. gr. áðurnefndrar reglugerðar ber kæruneftndinni því að vísa málinu frá sér.

Rétt er að vekja athygli álitsbeiðanda á lögræðislögum 71/1997 og lögum nr. 7/1936 um samningsgerð, umboð og ógilda löggerninga. Þá skal álitsbeiðanda bent á að almennt þarf samþykki sýslumanns til að barn yngra en 18 ára geti orðið eigandi ökutækis, svo sem nánari upplýsingar eru um á vefsíðu sýslumannsins í Reykjavík.

#### III

##### Álitsorð

Álitsbeiðni X, er vísað frá kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa.

---

Áslaug Árnadóttir,  
formaður

---

Ólafur R. Guðmundsson

---

Hildigunnur Hafsteinsdóttir